Ár 1852 April 20. á Áslákstödum í Glæsibæar hrepp
var aukaþing haldid af sýslumanninum í Eyafjardar sýslu med
vottum Hermanni Sigfússyni á Bitrugerdi og Jóni
Stefánssyni á Mýrarlóni til ad fyrirtaka sök, er Gud
mundur Pétursson ~~hofd~~ á Bitru höfdar gegn konu
hans Ásdýsi Þorsteinsdóttir á Áslákstödum til hjóna-
skilnadar. Sækjandinn lagdi fram 2 stefnur í málinu
bádar 7 þ. m., klögun til Sáttanefndarinnar med áritadri
vísun til dóms og laga, og loksins vitnisburd hlutadeigandi
Sóknarprests um, ad Ásdýs hafi 5. Sept. 1850 fædt andvana
barn, en madur hennar synjad fyrir faderni barnsins.
Þessi skjöl voru merkt A til D. svohl.

Þess má geta, að rjettarhald þetta átti að haldast á þingstaðnum Sjóarsíðu, en sparað konan Ásdýs skoraðist við stefnuvottana undan móti því vegna heilsulasleika síns, þá rjeði dómarinn af, að setja þingið hjer á heimili hennar.

Hin stefnda Ásdýs Þorsteinsdóttir kom fyrir rjettinn ásamt bónda Stefáni Þórissyni á Brautarhóli, er var útnefndur af sýslumanni til að vera svaramaður hennar í þessu máli.

Sækjandinn gat þess að það væru nú næstum ár síðan þau hjónin hafi skilið ~~skyldu~~ að samvistum, og fortók, að hann væri faðir að barni því, er Ásdýs ól 5. Sept. 1850.

Hin stefnda kvaðst standa við sinn fyrra framburð, að það væri enginn annar faðir að því en hann.

Sækjandinn óskaði þá, að fá að leiða hið stefnda vitni Jónas Sveinsson á Lögmannshlíð til upplýsingar í þessu máli, og óskaði að hann væri spurður um, hvað hann frekast vissi um faðerni hins nefnda andvana barns.

Nefndur Jónas Sveinsson kom þá fyrir rjettinn og var sannsöglisskyldan brýnd fyrir honum, og þvínæst var hann spurður á þá leið, sem að ofan er á vikið. Hann framber:

Þegar eg í fyrra fór út að Básá ásamt Ásdýsi Þorsteinsdóttur, á sættafundinn ámilli þeirra hjónanna, fór eg að grafast eptir faðerni barns þess er hún ól í fyrra haust, til þess að vita hvort eg ætti heldur að stuðla til, að hún fengi að sverja barnið á mann sinn, ellegar að hann fengi neitunareiðinn, sagði hún mjer þá, að hún vildi ekki sverja faðernið á mann sinn, og líka hefir hún sagt mjer, en eg man ekki með fullri vissu, hvert það var þá eða seinna, að Stefán húsbóndi hennar Stefán Jónsson bóndi á Aslákstöðum væri faðir að barninu, og enginn annar, því eg var, meðfram af forvitni, að spyrja hana um faðernið, og sagði eg henni þá, eins og eg þá fullkomlega hjeldt, að

henni væri ókætt ad segja mjer þad, því Gudmundur mundi
strax vinna neitunareidinn, eins og hann þá ætladi sjer, svo
ekki þirfti ad óttast, ad ~~hann~~ og yrdi leikkur sem vitni í
málinu. Þetta játar hann rjett bókad.

~~Þess má geta, ad~~ Konan stefnda Asdýs Þorsteinsdóttir neitadi
því, ad hún hefdi nokkurntíma sagt, ad Stefán húsbóndi hennar
væri fadir ad barninu, en kannadist vid, ad hún hefdi sagt, ad
hún vildi ekki sverja barnid uppá mann sinn.

Þess má geta, ad ~~barnsþungi~~ þad var audsjáanlegt öllum nærstöddum ad konan
Asdýs gengur med barnsþunga, og kannast hún vid, ad svo
sje og ad þad sje ekki af völdum manns hennar. Ljet
dómarinn því sækjandanum í ljósi, ad þad væri nóg ástæda til
ad krefjast skilnadardómsins, svo hann þirfti ekki ad vinna
neitunareid fyrir faderni barnsþess er fæddist í fyrra haust
en med því dómarinn áleit ofsnemmt ad spyrja konuna um fadur ad
hinu ófædda barni, stakk hann uppá því, ad málinu
væri frestad, þangad til þad fæddist.

Sækjandinn svaradi til þess, ad þared mál þetta væri
búid ad dragast allt of lengi, þá krefdist hann, ad
þad væri strax dæmt, eda tekid undir dóm og ad fá skilnad og
málskostnad til dómarans og stefnuvottanna.
Var svo málid bædi af sækjanda og verjanda lagt,
og af rjettinum tekid undir dóm, og ad stundarkorni
lidnu var í máli þessu uppkvedinn svolátandi

## Dómur

Þared þad med eiginn medkenningu og augljósum
útvortis merkjum er sannad, ad konan Asdýs Þorsteini-
dóttir á Asláksstödum hefir tekid framhjá manni hennar
Gudmundi Peturssyni á Bitru, og þannig brotid af sjer
hjónabandsrjettindi sín, þá flýtur beinlínis þaraf, ad
kröfu sækjandans Gudmundar um, ad hjónabandi þeirra
skuli vera öldungis slitid, hlýtur ad verda framgengt.
Og flýtur þá einnig af laganna fyrirmælum, ad Gudmundar
má giptast aptur, ~~þ~~ hvenær sem hann vill, en konan

Asdys má ekki giptast aptur nema með Konúngsleyfi
Eptir þessum málalokum ber hinni stefndu einnig eptir ~~samkvæmt~~ kröfu reksjandans að borga málskostnaðinn til dómarans og stefnuvottanna samkvæmt aukatekjureglugjörðinni frá 10. Sept. 1830.

Því dæmist rjett að vera

Konan Asdys Þorsteinsdóttir hefir brotið af sjer hjónabandið með manni hennar Guðmundi Péturssyni, og skal því þessvegna ölldungis slitið. Þaraðauki á hún að borga málskostnaðinn til dómarans og stefnuvottanna eptir rjettum reikningi.

E Briem

Þessi dómur var lesinn upp hátt fyrir rjettinum í áheyrn hlutadeigenda, og var svo þinginu slitið

E Briem   Jon Stephans son   H. Sigfússon handlaður

Guðmundur Peturs son

Asdis Þorsteins Dottir

Stephan Jóns son